



Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími:545 9000 bréfasími:552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is


Reykjavík 29. ágúst 2016
Tilv.: IRR16060244/5.11.1

Í aðdraganda forsetakosninganna 25. júní sl. áttu sýslumenn og sveitarfélög víða um land með sér samstarf um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar sem fólst í því að sveitarfélögin önnuðust framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í sveitarfélaginu í umboði og á ábyrgð viðkomandi sýslumanns. Var um tilraunaverkefni að ræða sem byggði á sameiginlegri viljayfirlýsingu sýslumanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. apríl sl., en tilgangur þess var að bæta aðgengi íbúa að atkvæðagreiðslunni, auka þannig þjónustu og sporna gegn minnkandi kosningaþátttöku. Ekki hefur endanlega verið unnið úr niðurstöðum verkefnisins, en eftir því sem ráðuneytið kemst næst var þó almenn ánægja með framkvæmd þess.

Ráðuneytið mælist eindregið til þess að af hálfu sýslumanna og sveitarfélaga verði framangreint tilraunaverkefni framlengt fram yfir næstu alþingiskosningar með sömu skilmálum og áður. Með því móti fáið aukin reynsla af þessari framkvæmd sem og svigrúm til að vinna úr henni, auk þess sem kjósendum verði þannig tryggt sambærilegt þjónustustig og við forsetakosningarnar.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Samrit: Sýslumenn